

## Nauðungaruppboð

sem auglýst var í 116., 119. og 122. tölublaði Lögbirtingablaðsins 1983 á eigninni Furugrund 66 — hluta —, þingl. eign Snorra Skaptasonar, fer fram að kröfu Bæjarsjóðs Kópavogs á eigninni sjálfri miðvikudaginn 28. mars 1984 kl. 10.30.

Bæjarfógetinn í Kópavogi.

## Nauðungaruppboð

sem auglýst var í 116., 119. og 122. tölublaði Lögbirtingablaðsins 1983 á eigninni Engihjalla 17 — hluta —, þingl. eign Guðlaugs Jörundssonar, fer fram að kröfu Bæjarsjóðs Kópavogs og Veðdeildar Landsbanka Íslands á eigninni sjálfri miðvikudaginn 28. mars 1984 kl. 11.00.

Bæjarfógetinn í Kópavogi.

## Nauðungaruppboð

sem auglýst var í 96., 98. og 102. tölublaði Lögbirtingablaðsins 1983 á eigninni Engihjalla 11 — hluta —, tal. eign Omars Einarssonar, fer fram að kröfu Guðmundar Jónssonar hdl. á eigninni sjálfri miðvikudaginn 28. mars 1984 kl. 15.

Bæjarfógetinn í Kópavogi.

## Nauðungaruppboð

sem auglýst var í 37., 39. og 43. tölublaði Lögbirtingablaðsins 1981 á eigninni Holtagerði 66, þingl. eign Hreins Arnasonar, fer fram að kröfu Jóns Þóroddssonar hdl. og Olafs Ragnarssonar hrl. á eigninni sjálfri miðvikudaginn 28. mars 1984 kl. 16.00.

Bæjarfógetinn í Kópavogi.

## Nauðungaruppboð

sem auglýst var í 134., 136. og 140. tölublaði Lögbirtingablaðsins 1983 á eigninni Furugrund 22 — hluta —, þingl. eign Gylfa Þórs Einarssonar, fer fram að kröfu Tryggingastofnunar ríkisins og Veðdeildar Landsbanka Íslands á eigninni sjálfri miðvikudaginn 28. mars 1984 kl. 14.45.

Bæjarfógetinn í Kópavogi.

## Nauðungaruppboð

sem auglýst var í 134., 136. og 140. tölublaði Lögbirtingablaðsins 1983 á eigninni Kársnesbraut 79 — hluta —, þingl. eign Indriða Indriðasonar, fer fram að kröfu Tryggingastofnunar ríkisins á eigninni sjálfri miðvikudaginn 28. mars 1984 kl. 15.45.

Bæjarfógetinn í Kópavogi.

## Nauðungaruppboð

sem auglýst var í 134., 136. og 140. tölublaði Lögbirtingablaðsins 1983 á eigninni Hraunbraut 25, þingl. eign Jakobs V. Kristjánssonar, fer fram að kröfu Iðnhróunarsjóðs á eigninni sjálfri miðvikudaginn 28. mars 1984 kl. 15.15.

Bæjarfógetinn í Kópavogi.

## Nauðungaruppboð

sem auglýst var í 134., 136. og 140. tölublaði Lögbirtingablaðsins 1983 á eigninni Asbraut 17 — hluta —, þingl. eign Lárusar Arnasonar og Valborgar Nielsdóttur, fer fram að kröfu Bæjarsjóðs Keflavíkur á eigninni sjálfri miðvikudaginn 28. mars 1984 kl. 11.45.

Bæjarfógetinn í Kópavogi.

## Nauðungaruppboð

sem auglýst var í 110., 113. og 117. tölublaði Lögbirtingablaðsins 1983 á eigninni Godatúni 1, Garðakaupstað, tal. eign Hallgríms Rögnvaldssonar, fer fram eftir kröfu Kristjáns Stefánssonar hdl., og innheimtu ríkissjóðs á eigninni sjálfri mánudaginn 26. mars 1984 kl. 16.00.

Bæjarfógetinn í Garðakaupstað.

## Nauðungaruppboð

annað og síðasta á eigninni Krókahrauni 12, n.h.t.h., Hafnarfirði, tal. eign Sigurðar Þórðarsonar, fer fram á eigninni sjálfri mánudaginn 26. mars 1984 kl. 13.30.

Bæjarfógetinn í Hafnarfirði.

## Nauðungaruppboð

annað og síðasta á eigninni Markarflöt 35, Garðakaupstað, þingl. eign Péturs O. Þorsteinssonar, fer fram á eigninni sjálfri mánudaginn 26. mars 1984 kl. 16.30.

Bæjarfógetinn í Garðakaupstað.

Menning

Menning

Menning

# Glerregn að Kjarvals- stöðum

— um samsýningu Rúrí, Ívars, Rúnu og Þórs

Samsýningar hafa aukist mikið á síðastliðnum árum. Og liggja margar ástæður hér að baki. Samsýning er hagrænt séð auðveldari fyrir fátæka listamenn, auk þess sem færri verk bjóða upp á nákvæmara val. En í raun er samsýning fyrst og fremst samkeppni nokkurra listamanna. Innbyrðis átök verkanna auka eða rýra gildi listamanna.

Ivar Valgarðsson, Rúrí, Rúna Þorvaldsdóttir og Þór Vigfússon, allt listafólk tengt Nýlistasafninu, hafa nú tekið höndum saman og sýna nú um þessar mundir að Kjarvalsstöðum. Er þetta vel til fundið þar sem listaverkin fá nú tilætlað rými og njóta sín fullkomlega í þessu fagaða en þó hlutlaus umhverfi.


**Varúð, gætið barna á sýningunni**

Rúrí er ein af fáum listamönnum hér á landi sem kunnað hefur að sameina skúlptúr og konkret póesíu. Listunnendur minnst enn sýningar hennar frá árinu 1982 þar sem hún sýndi


gler-, conceptverk" í einkar ljóðrænni og persónulegri útfærslu. Og enn vinnur listakonan í gler af mikilli tilfinningu og fær áhorfandann til að skynja efnið sem hart og beitt en samtímis gegnsætt líkt og andrúmsloftið, vatnið og minningin sjálf. Að þessu sinni er glerið umframt allt tengt vatninu. Og í Nafnlausu verkinu setur listakonan málmplötur undir glerið sem gefur því endurspeglun og gæðir það náttúrulegri mynd. Í stærð verksins kemur vel fram ákveðinn óendanleiki og tímaleysi (áhorfandinn er í raun inni í verkinu) jafnframt því sem áhorfandinn andspænis „vatninu" öðlast hlutdeild í tákfræðilegu inntaki vatnsins.

Sú mynd sem áhorfandinn sér í glerinu/vatninu er ekki sönn, ekki einu sinni sjónblekking. Og í raun er mikið komið undir áhorfandanum hvernig hann er innstilltur gagnvart verkinu. Og ef hann er jákvæður opnast lestrar- móguleikar verksins.

Glerregn heitir annað verk eftir Rúrí. Eru það glerbrot sem listakonan




Sebrahestar eftir Þór Vigfússon.  
Ljós. GBK.



Beach by night eftir Rúnu Þorvaldsdóttur (hluti).

hefur hengt upp í loftið og eiga að tákna regn. Þegar á fyrsta stigi virkar þetta verk sem stórfengleg og heillandi konkret póesía. Og þegar verkið er skoðað nánar skynja áhorfendur hið tvíræða táknræna gildi verksins þar sem þessir glerdropar standa í senn fyrir lífgandi og eyðandi afl.



Glerregn eftir Rúrí (hluti).